

Ár 2010, fimmtudaginn 2. september 2010, er tekið fyrir af dómstól Handknattleikssambands Íslands kærumál nr. 3/2010

Hkd. knattspyrnufélagsins Vals vegna félagaskiptabeiðni leikmanns úr hkd. Víkings yfir í hkd. Vals.

Málið dæmir ValaValtýsdóttir.

Mál þetta var þingfest 20. ágúst 2010 og dómtekið sama dag.

Mál þetta var höfðað með kæru sem dags. er 17. ágúst 2010. móttokin sama dag kl. 15:41 af HSÍ.

Samkvæmt efni kærunnar kærir handknattleiksdeild Vals niðurstöðu skrifstofu HSÍ á félagaskiptabeiðni fyrir Hjálmar Þór Árnason (hér eftir Hjálmar) dags. 10. júlí 2010, sem afgreidd var frá skrifstofu HSÍ 16. ágúst 2010 þar sem beiðni um félagaskipti leikmannsins frá handknattleiksdeild Víkingis (hér eftir „Víkingur“) til handknattleiksdeilda Vals (hér eftir „Valur“) er hafnað. Fer Valur fram á að félagaskiptabeiðnin verði staðfest.

Í kærunni er byggt á því að Valur hafi sent inn félagaskiptabeiðni fyrir Hjálmar sem hafði undirritað A- Leikmannasamning sem Víkingur hafi sent til HSÍ án þess að gerður hafi verið viðaukasamningur við leikmanninn. Þannig hafi Hjálmar ekki talið sig samningsbundinn enda hefði hann kynnt sér réttarstöðu sína og talið að samningur væri ógildur þar sem viðaukasamningur var ekki undirritaður.

Í gögnum málsins er jafnframt yfirlýsing Hjálmars um að hann hafi ekki gert viðaukasamning við Víking þar sem „*samningar náðust ekki*“.

Í greinargerð Víkings kemur fram að ekki sé umdeilt í málínu hvort þurfi viðaukaskamning til að A- Leikmannasamningur sé gildur heldur kristallist ágreiningur aðila í því „*hvort að yfir höfuð hafi verið gerður viðaukaskamningur við leikmanninn og jafnframt hvor að slíkur samningur, sem hefur orðið til munnlega, sé bindandi fyrir aðila og í samræmi við lög og reglur HSÍ.*“

Aðalmálsástæða kærða er sú að ekki sé skilyrði að um sé að ræða skriflegan samning þar sem ekki sé gert ráð fyrir að viðaukasamningi sé skilað til skrifstofu HSÍ.

Til stuðnings máli sínu vísar kærði til yfilýsingar Davíðs Hjaltested, Róberts Sighvatssonar og Trausta Leifssonar þar sem lýst er yfir að komist hafi á samningur milli Víkings og Hjálmars og hafi fyrsta greiðsla farið fram með greiðslu skólagjalda Hjálmars í Tækniskólanum að upphæð kr. 35.600 (kvittun fyrir greiðslu fylgir kæru, merkt skjal nr.9).

Í ljósi atvika og þeirra gagna sem liggja fyrir í máli þessu tók dómarí þá ákvörðun í þinghaldi dags. 31. ágúst sl. að ekki væri ástæða til að flytja málid munnelega. Niðurstaða málsins er því byggð á framlögðum gögnum.

Niðurstaða:

Mál þetta snýst aðallega um túlkun á 53. gr. sbr. 18. gr. laga HSÍ og 3. og 8. gr. reglugerðar HSÍ um félagsskipti og samninga (félagaskiptareglugerð).

Í 2. mgr. 3. gr. félagaskiptareglugerðar HSÍ segir:

A-samningur og viðaukasamningur við A-samninginn skulu hafa sömu tímamörk. Komi í ljós að samningarnir hafa ekki sama gildistíma þá gildur sú tímasetning sem er til skemmri tíma.

ENN fremur segir í 6. mgr. 8. gr. sömu reglugerðar að félag, sem gerir samning við leikmann, hvort sem það er A eða B leikmannasamningur, skuli senda skrifstofu HSÍ afrit af honum fullfrágengnum til skráningar, en leikmaður og félag skulu fá sitt frumritið hvort eftir undirskrift.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. félagaskiptareglugerðar HSÍ skulu leikmannasamningar gerðir á sérstöku eyðublaði frá HSÍ og skulu þeir varðveittir á skrifstofu sambandsins. Á eyðublaði HSÍ „A-leikmannasamningur HSÍ“ kemur m.a. fram eftirfarandi:

„Með samningi þessum skal gerður viðaukasamningur, sem felur í sér nánari útlistun á þeiri umbun, sem leikmaður nýtur fyrir það að æfa og leika handknattleik með félagini. Viðaukasamningur skal ávallt hafa sömu tímamörk og A-leikmannasamningur viðkomandi samningsaðila. Viðaukasamningur skal gerður í tveimur samhljóða eintökum og skal félag varðveita annað eintakið og leikmaður hitt.“

Í 7. mgr. 8. gr. félagaskiptareglugerðar kemur einnig fram:

Skráning skal gerð innan mánaðar frá undirritun. Áður skal félag standa skil á þeim kröfum sem myndast við undirritun samnings. Félag, sem lætur ekki skrá samning innan tilsettra tímamarka, missir allan kröfurétt sem samningurinn veitir, en leikmaðurinn heldur sínum kröfurétti.

Ljóst er að Hjálmar var í samningaviðræðum við Víking en gegn neitun hans verður ekki talið að samningar hafi tekist enda liggur ekki fyrir skriflegur, undirritaður viðaukasamningur, sem verður að telja algert skilyrði fyrir gildum A-leikmannasamningi. Í þessu sambandi skal ennþremur vísað til orðalags í A- leikmannasamningi um „samhljóða eintök“ og 7. mgr. 8. gr. félagaskiptareglugerðar um „undirritun“. Ljóst er að núverandi verklag þar sem viðaukasamningum er ekki skilað inn til HSÍ ásamt A-leikmannasamningum veldur bæði misskilningi og óþarfa deilum.

Með vísan til þess sem að framan greinir þykir ljóst að viðaukasamingur skal vera skriflegur, sbr. orðalag um samhljóða eintök og undirritun. Af því leiðir að A-leikmannasamningur sá

sem Víkingur sendi HSÍ er ógildur og stendur því ekki í vegi fyrir félagaskiptum Hjálmars Þórs Árnasonar.

DÓMSORÐ:

HSÍ ber að staðfesta félagaskipti Hjálmars Þórs Árnasonar úr Víking í Val með vísan til félagaskiptabeiðni dags. 9. júlí 2010.

Úrskurði þessum er heimilt að skjóta til áfrýjunardómstóls HSÍ innan 3ja sólahringa frá birtingu.

sign

Vala Valtýsdóttir